

Nd.

**595. Frumvarp til laga**

[200. mál]

um skattfrelsi skuldabréfa fyrir rafveituláni Hólshrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Skuldabréf að upphæð allt að tvær milljónir króna, tryggð með ríkisábyrgð, sem Hólshreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu gefur út á árunum 1949 og 1950, fyrir allt að 30 ára láni til byggingar vatnsaflstöðvar fyrir Bolungavík, skulu undanþegin framtalsskyldu og öllum sköttum til ríkis og sveitar, nema stimpilgjaldi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Í 30 ár hefur verið í undirbúningi virkjun Fossár í Hólshreppi til raforkuframleiðslu fyrir Bolungavík og byggðarlögin í hreppnum. Árið 1929 var þessum undirbúningi svo langt komið, að framkvæmd verksins var hafin. Var þá byggð stífla, sem enn stendur. En á síðustu stundu voru þessar framkvæmdir stöðvaðar vegna þess að lánsfé fékkst ekki. Hefur ekki reynt um að fá fé til þeirra fram til þessa dags. Valda því ýmsar ástæður, sem ekki gerist þörf að rekja hér.

Fyrir nokkru hefur Hólshreppur fengið loforð fyrir ríkisábyrgð á tveggja millj. kr. láni, er hann tæki til þessara raforkuframkvæmda, sem nú eru orðnar svo aðkallandi, að þeim verður ekki lengur slegið á frest. En þrátt fyrir stöðugar tilraunir til þess að fá slíkt lán innanlands hefur það ekki tekizt. Reynt hefur verið að fá leyfi til þess að taka það erlendis, en ríkisvaldið hefur ekki viljað veita það, enda þótt ýmsar stærstu virkjanir landsins hafi verið unnar fyrir erlent lánsfé. Engin vitneskja er heldur enn þá fyrir hendi um, að sinnt verði umsókn þessa hreppsfélags um lán eða framlag til þessara framkvæmda af Marshallfé.

Vegna þess, hversu brýna nauðsyn ber til þess að þörf Bolungavíkur fyrir aukna raforku verði leyst, hefur ekki annað þótt fært en að freista nýrra úrræða til þess að afla lánsfjár til virkjunar Fossár, en þar er gert ráð fyrir, að framleiða megi a. m. k. 700 hestöfl. Með þeirri raforku er óhætt að fullyrða, að raforkuþörf Bolungavíkur yrði fullnægt um alllangt skeið. Fullkomnar rannsóknir liggja fyrir um virkjunaraskilyrði, sem eru hin ákjósanlegustu.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að skuldabréf, að upphæð allt að tvær millj. kr., sem Hólshreppur gæfi út til þess að afla lánsfjár til virkjunar Fossár, verði undanþegin framtalsskyldu og öllum sköttum til ríkis og sveitar, nema stimpilgjaldi. Telja forvígismenn virkjunarmálsins mikla möguleika á því að selja hin ríkisbyggðu skuldabréf, ef þau yrðu undanþegin framtalsskyldu og skattgreiðslu, enda þótt verðbréfamarkaður sé nú mjög þröngur hér.

Þegar á allt er litið, virðist það vera sanngjarnt að veita Hólshreppi þessa heimild. Undirbúningur umræddrar virkjunar er hafinn fyrir þremur áratugum. Auðsætt er, að hreppurinn hefur ekki átt þeim skilningi og stuðningi að mæta í þessum þýðingarmiklu málum, sem gera hefði mátt ráð fyrir. Ríkisvald og lánsstofnanir hafa beint og óbeint tafið raforkuframkvæmdir þessa byggðarlags og bakað því stórfellt tjón og óhagræði með tregðu sinni og skilningsleysi.

Bolungavík er annað stærsta sjávarþorp á Vestfjörðum. Það framleiðir árlega útflutningsverðmæti fyrir margar milljónir króna. En öll viðleitni til þess að koma þar upp öflugum fiskiðnaði og bæta aðstöðu hinnar þróttmiklu framleiðsluséttar byggðarlagsins er hindruð vegna skorts á raforku. Við svo búið verður ekki lengur unað. Þess vegna hafa flutningsmenn þessa frumvarps viljað freista þeirrar leiðar, sem það fjallar um, til þess að hrinda raforkumálum Bolungavíkur í framkvæmd.